

REGLUGJÖRÐ59
12. ágúst

um

breyting á reglugjörð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað frá 30. júní 1921 og reglugjörð um breyting á sömu reglugjörð 12. nóvember 1925.

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að vatn á bryggjur, síldarstöðvar, fiskverkunarstöðvar og verksmiðjur verði aðeins selt um vatnsmæli, sem bryggjueigendur kosta að öllu.

Bæjarstjórnin ákveður gjaldið hjá hverjum vatnsnotanda fyrir sig. Þó má gjaldið eigi hærra vera en 1 kr. fyrir hverja smálest vatns til verksmiðju- síldar- og fiskverkunarstöðva.

Heimilt er vatnsveitunefnd með samþykki bæjarstjórnar að semja um sjerstakan afslátt af vatnsgjaldi.

2. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 3 kr. fyrir hverja smálest vatns eða hluta úr smálest, þó eigi minna í hvert skifti en 2 kr. fyrir fiskiskip undir 12 smál., 5 kr. fyrir fiskiskip yfir 12 smál. og 15 kr. fyrir öll önnur skip.

3. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um alt að 50%.

4. gr.

Með reglugjörð þessari eru numin úr gildi þau ákvæði reglugjörða um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað frá 30. júní 1921 og 12. nóv. 1925, sem fara í bága við reglugjörð þessa.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. sept. 1927 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. ágúst 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.